

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík, 20. nóvember 2008
Tilvísun: UST20081100012/bs

Þorlákshafnarlínur 2 og 3, 220 kV, í sveitarfélagini Ölfusi. Tillaga að matsáætlun

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 4. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif þeirra framkvæmdar sem hér um ræðir séu áhrif á jarðmyndanir, áhrif á landslag og áhrif á ferðamennsku og útivist bæði vegna sjónrænna áhrifa og einnig vegna breyts aðgengis.

Jarðmyndanir og landslag: Umhverfisstofnun leggur áherslu á að forðast verði eins og kostur er röskun jarðmyndana sem tilgreindar eru í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd sem og svæða á náttúruminjaskrá. Jafnframt leggur stofnunin áherslu á að ekki verði raskað samhengi jarðmyndana t.d. gíga og hrauntraða. Þessa samhengis hefur ef til vill ekki verið gætt sem skyldi við afmörkun svæðis nr. 754, Eldborg undir Meithum.


Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði einnig að ná til lagningar línuvegar um hraun. Sjónræn áhrif þeirra mastra sem hér um ræðir eru bundin við líftíma línumunnar. Hins vegar veldur veglagning um hraun varanlegum breytingum á yfirborði þess. Því telur Umhverfisstofnun að fjalla eigi um hvort unnt sé að leggja

Þorlákshafnarlinu 2 samsíða Þrengslavegi. Ferðamennska: Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um hvort lagning línuvega muni breyta aðgengi að svæðum og náttúrufyrirbærum sem hafa verið utan vegasambands til þessa. Hvort aukið aðgengi hafi áhrif á verndargildi viðkomandi fyrirbæra eða kalli á sköpun aðstöðu eða annarra aðgerða.

Valkostir: Umhverfisstofnun telur að sú ákvörðun framkvæmdaaðila að setja fram nokkuð vel skilgreindar línuleiðir sem valkosti feli í sér ákveðnar takmarkanir annarra aðila en framkvæmdaaðila og viðkomandi sveitarfélags til að hafa áhrif á leiðaval við mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að það verklag að skilgreina ákveðið mannvirkjabelti innan hvers endanleg staðsetning mannvirkis verði ákvörðuð við mat á umhverfisáhrifum sé heppilegri aðferð til að unnt sé að taka tillit til ábendinga um heppilegustu staðsetningu.

Jarðstrengir: Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem fylgja lagningu jarðstrengs með þeirri spennu sem hér um ræðir. Lýst verði því verklagi sem tíðkast við slíka framkvæmd. Hvernig staðið sé að lagningu jarðstrengs þar sem loftlína er lögð í jarðstreng á hlutum línuleiðar og hvernig staðið er að lagningu jarðstrengs þar sem þvera þarf gil eða árfarvegi.

Virðingarfullst
Björn Stefánsson


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri